



## Hreppsnefnd 06.05.04

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 6. maí 2004.

Mættir: Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Ármannsson, Emil Sigurjónsson, oddviti, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Skýrði oddviti frá því í upphafi fundar að endurskoðunar -og ráðgjafarfyritækið KPMG hefði verið fengið til að vinna stjórnarsýsluúttekt hjá sveitarfélaginu skv. fyrri samþykkt hreppsnefndar.

Síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 15. apríl sl.

Lögð var fram fundargerð hreppsnefndar frá 15. apríl. sl.

Fram kom fyrirspurn varðandi kostnaðaruppgjör vegna menningarmála í 6. tl . fundargerðarinnar.

Gerðar voru smávægilegar leiðréttingar á fundargerðinni.

Fundargerðin síðan samþykkt svo breytt með 7 atkvæðum.

2. mál Fundargerð leiguíbúðanefndar aldraðra frá 28. apríl sl.

Sveitarstjóri tók til máls og skýrði frá umsóknum um íbúðir og úthlutun á þeim.

Fundargerðin síðan samþykkt með 7 atkvæðum.

3. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 19. apríl sl.

Nokkur umræða var um fundargerðina m.a. um lóðamál og í tengslum við það mikilvægi þess að ljúka sem fyrst nýju aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið.

Fundarmönnum fannst ánægjulegt að farið væri að sækja um lóðir til nýbyggingar íbúðarhúsa.

Fundargerðin samþykkt með 7 atkv.

4. mál. Hótel Tangi, endurbætur og viðhald, tilboð.

Lög fram fundargerð frá opnun tilboða í verkið Hótel Tangi, endurbætur og viðhald frá 30. apríl sl. Eftirtalin tilboð bárust:

1) Björn Guðmundsson kr. 39.339.200

2) Þórsafli h/f kr. 30.275.655

3) Mælifelli ehf. kr. 31.620.025

4) Mælifelli ehf., frávik kr. 27.494.650

Kostnaðaráætlun Teiknistofunnar Óðinstogi kr. 21.434.750

Jafnframt var lagt fram yfirlit frá Teiknistofunni Óðinstorgi dags. 5. maí sl., þar sem tilboðin hafa verið yfirreiknuð og fram komu nokkrar breytingar á tölum.

Steindór Sveinsson vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tilboðum, sem eru verulega hærri en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir. Ljóst væri að tilboðin bæru þess merki að verktími væri stuttur.

Lagði hann síðan fram svofellda tillögu:

“Hreppsnefnd samþykkir að hafna öllum fyrirbyggjandi tilboðum í verkið Hótel Tangi, endurbætur og viðhald.

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að reynt verði að ná samningum við verktaka í heimabyggð á grundvelli kostnaðaráætlunar yfir verkið. Við samningsgerðina verði skoðað hvernig og hvort mögulegt er að áfangaskipta verkinu.”

Björn Halldórsson taldi að tillaga hans, sem sett var fram á síðasta fundi hreppsnefndar þann 15. apríl sl., væri næstum samhljóða tillögu þeirri sem sveitarstóri leggur nú fram.

Oddviti taldi að nauðsynlegt hefði verið að fara í útboð með verkið. Fyrir lægi að öll tilboðin hefðu verið langt yfir kostnaðaráætlun, sem skýrist fyrst og fremst af stuttum verktíma.

Töluverðar umræður urðu síðan um fyrirbyggjandi tilboð og málið í heild sinni.

Tillaga sveitarstjóra var síðan borin upp til atkvæða og var hún samþykkt með 6 atkv.

5. mál. Bréf Norður-Héraðs dags. 6. apríl varandi Óbyggðanefnd.

Lagt fram bréf Norður-Héraðs dags. 7. apríl sl., varðandi meðferð Óbyggðanefndar á Norðausturlandi.

Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að hafa samband við bréfitara um framvindu mála.

6. mál. Tillaga að gjaldskrá vegna leyfisgjalda fyrir hunda og ketti á Vopnafirði.

Sveitarstjóri tók til máls og skýrði málið og lagði fram drög að samþykkingum um hunda- og kattahald á Vopnafirði, en gerðar hafa verið nokkrar breytingar á þeim frá því að þær voru samþykktar á síðasta ári.

Jafnframt lögð fram tillaga að gjaldskrá vegna leyfisgjalda fyrir hunda og ketti á Vopnafirði. Í tillögunni er lagt til að leyfisgjald fyrir hunda verði 8.000 kr. á hund og leyfisgjald fyrir ketti verði 5.000 kr. á kött. Innifalið í leyfisgjaldinu er ábyrgðatrygging vegna tjóns sem hljótast kann af völdum viðkomandi dýrs ormahreinsunar og skráningar.

Nokkur umræða var um málið og voru fundarmenn í flestu ánægðir með þær breytingar sem gerðar höfðu verið á fyrirbyggjandi samþykktum.

Fyrirbyggjandi drög að gjaldskrá vegna leyfisgjalda fyrir hunda og ketti var síðan borin undir atkvæði. Samþykkt með 7 atkv.

Hreppsnefnd samþykkti einnig með 7 atkv. fyrirbyggjandi samþykktir um hunda- og kattahald með áorðnum breytingum.

Hreppsnefnd lagði á það áherslu að reynt yrði að flýta skráningu dýranna eins og kostur er og heppilegt væri að gera það um leið og þau mættu í auglýsta ormahreinsun hjá dýralækni.

7. mál. Tangi h/f, staða mála. Greint var frá viðræðum sem forsvarsmenn Tanga h/f höfðu átt við útgerðaraðila um samstarf á ýmsum sviðum sjávarútvegs og helstu áformum sem framundan eru. Töluverðar umræður urðu um þessi mál og voru menn sammála um mikilvægi þess að vinna áfram að málum til samræmis við þau áform sem rædd voru á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.